

Nd.

314. Frumvarp til laga

[148. mál]

um breyting á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

2. tölul. 5. gr. orðist svo: Framlag ríkissjóðs, 10 milljónir króna á ári, í fyrsta sinn 1967.

2. gr.

1. mgr. 6. gr. orðist svo: Heimilt er Iðnlánasjóði, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 150 milljón króna lán, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Á eftir 1. mgr. 6. gr. komi ný málsg. svo hljóðandi:

Iðnlánasjóði er jafnframt heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 100 milljón króna lán til þess að mynda nýjan lánaflokk í því skyni að veita sérstök hagræðingarlán til viðbótar almennum lánum, er að mati sjóðsstjórnarinnar teldust stuðla verulega að því að auka framleiðni og bæta aðstöðu iðnfyrirtækis til þess að aðlaga sig nýjum viðhorfum vegna breyttra viðskiptahátta, svo sem tollabreytinga og friverzlunar. Mega lán þessi vera með betri kjörum en lánasjóðsins almennt, svo sem með lægri vöxtum, lengri lánstíma eða afborgunarlaus fyrst í stað, allt eftir því, sem nánar yrði ákveðið í reglugerð.

3. gr.

Á eftir 3. tölulið 8. gr. komi nýr töluliður, 4. töluliður, svo hljóðandi:

4. Til hagræðingar í iðnrekstri í samræmi við ákvæði 6. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðari árum hefur iðnaðurinn haslað sér völl í íslenzku atvinnulífi við hlið annarra aðalatvinnugreina landsmanna. Mikil og ör þróun iðnaðarframleiðslunnar hefur átt sér stað á skömmum tíma. Á fjölmörgum sviðum ber iðnaðarframleiðslan að gæðum og útliti allt annan blæ en fyrir nokkrum árum.

Hinu verður ekki neitað að iðnaðurinn hefur þurft að yfirstiga marga örðugleika. Hann vex upp sem veikur stofn í skjóli verzlunarhafta, ýmis konar tollverndar og annarlegra skilyrða, sem ýmsar ytri aðstæður leiddu til. Stundum varð ekki á betra kosið við erfiðar efnahagsaðstæður og jafnvægisleysi, gjaldeyriskort og skömmtunarkerfi. En þetta bjó þessari atvinnugrein ekki holl vaxtarskilyrði.

Mikil stefnubreyting hefur orðið í þessum efnum á síðari árum. Ríkisstjórnin hefur stefnt að frjálsri innflutningsverzlun og vöruval almennings hefur af þeim sökum síaukizt. Ný tækniþróun hefur jafnframt komið til sögunnar á fjölmörgum sviðum, sem hefur oft í för með sér nýja samkeppnis- og byrjunarörðugleika. En íslenzkir iðnrekendur, iðnaðarmenn og iðnverkafólk hefur sýnt þrautseigju og áráði í harðri baráttu. Margháttað samvinna hefur skapast milli þessara aðila og stjórnvalda landsins til þess að aðlaga þessa atvinnugrein nýjum viðhorfum.

Iðnaðarmálaráðherra hefur nýlega á fundi í Félagi íslenzkra iðnrekenda, þann 5. febrúar sl., gert grein fyrir viðhorfum ríkisstjórnarinnar til þessara mála. Komst hann m. a. þannig að orði:

„Í fyrsta lagi: Stefnt er að því að ríkja megi jafnrétti milli aðalatvinnuvega landsmanna, og jafnframt að því unnið, að hagsmunir einstakra atvinnugreina séu ekki fyrir borð bornir, ef það samrýmist hagsmunum almennings, eða þjóðhagslegri framkvæmd.

Í öðru lagi: Stefnt er að því að létta tollum af vélum og hráefnum iðnaðarins, samfara því að tollum sé almennt aflétt til þess að veita almenningi ódýrara og betra vöruval og draga með því úr dýrtíð í landinu. Séð verður til þess, að iðnaðurinn í landinu njóti í þessu sambandi eðlilegs aðlögunartíma og ráðstafanir gerðar í lánamálum og á annan hátt til að gera honum auðveldara að tileinka sér ýmsa tækni og aukna hagræðingu og framleiðni til eflingar þessari atvinnugrein í frjálsari viðskiptum.

Í þriðja lagi: Haldið verði áfram að efla Iðnlánasjóð, svo að iðnaðinum skapist viðunandi stofnlánaaðstaða, jafnframt því sem gert er ráð fyrir, að aðstaða hans í bankakerfinu haldist til jafns við aðrar atvinnugreinar. Samtímis hefur verið sköpuð aðstaða til umbóta á sviði lánamála með lögum og reglugerð í samráði við bankana til að breyta lausaskuldum iðnaðarins í löng og hagkvæmari lán.

Í fjórða lagi: Ríkisstjórnin hefur stuðlað að því að hefjast megi í landinu nýjar atvinnugreinar á sviði iðnaðarins, þar sem horfur eru á, að verð og gæði standist erlenda samkeppni, og þjóðhagslega mikilvægt, að slíkar atvinnugreinar eflist, svo sem innlend stálskipasmíði, samfara endurbyggingu gamalla og úreltra dráttarbrauta, og efling fiskiðnaðar, m. a. með niðursuðu og niðurlagningu síldar til útflutnings.

Í fimmta lagi: Sett hafa verið lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og þar með stórefldar rannsóknir á sviði iðnaðarins, á vegum tveggja stofnana. Fyrsta lagi Rannsóknarstofnun iðnarins, sem vinna á að rannsóknum til eflingar og hagsbóta fyrir iðnaðinn í landinu og rannsóknum vegna nýjunga á sviði iðnaðar og annarrar framleiðslu, rannsóknum á nýtingu náttúruauðlinda landsins í þágu iðnaðar, og veiti nauðsynlega þjónustu og kynni niðurstöður rannsókna í vísinda- og fræðslurítum. Í öðru lagi Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, sem vinnur að endurbótum í byggingariðnaði og lækkun á kostnaði við mannvirkjagerð, hagnýtum jarðfræðirannsóknum og vatnsvirkjunarrannsóknum, kynni niðurstöður rannsókna, veiti upplýsingar um byggingarfræðileg efni og aðstoð við eftirlit með byggingar-efni og byggingarframkvæmdum.

Í sjötta lagi: Stefnt er að virkjun stórflyjóta landsins, byggingu stórra orkuvera, sem verði grundvöllur og orkugjafi fjölpætrrar iðnvæðingar í landinu. Orkuvera landsins séu eign Íslendinga, en til þess að virkja megi í stórum stíl og undir lántökum verði risið á sem hagkvæmasta hátt, er tryggt ódýrari raforku, og til þess að styrkari stöðum sé rennt undir atvinnulíf landsmanna, verði erlendu áhættufjármagni veitt aðild að stóriðju, ef hagkvæmt þykir samkvæmt mati hverju sinni og landsmenn brestur fjárhagslegt bolmagn eða aðstaða.

Í sjöunda lagi: Ríkisstjórnin hefur leitað og mun leita samráðs og samvinnu við samtök iðnaðarmanna, Félag íslenzkra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna, um hagsmunamál iðnaðarins og stefnir að því að efla samstarf þessara aðila við iðnaðarmálaráðuneytið og þær stofnanir iðnaðarins, sem undir það heyra, svo sem rannsóknarstofnanir iðnaðarins og Iðnaðarmálastofnun Íslands.“

Frumvarp það sem hér er flutt stefnir að því að lögfesta og framkvæma nokkur þeirra markmiða, sem ríkisstjórnin vill beita sér fyrir.

Samhliða öðrum frumvörpum, sem nú eru lögð fyrir Alþingi til þess að koma betri skipan og samræmdari stjórn á fjárfestingarlánasjóði atvinnuveganna, felst í þessu frumvarpi tillögur um verulega eflingu og nýskipan Iðnlánasjóðs.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að fimmfalda árlegt framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs, úr 2 millj. kr. í 10 milljónir króna.

Þessi aukning á ríkissjóðsframlaginu er bæði við það miðuð að efla almenna lánastarfsemi og hag Iðnlánasjóðs og eins til að mæta þeim öðrum megintilgangi

þessa frumvarps að mynda nýjan lánaflokk í því skyni að veita sérstök hagræðingarlán, sem væru við það miðuð að bæta aðstöðu fyrirtækja til aukinnar framleiðni og til þess að aðlaga sig nýjum viðhorfum vegna breyttra viðskiptahátta, svo sem tollabreytinga og friverzlunar og nýrrar tækni.

Með frumvarpinu er eldri lántökuheimild Iðnlánasjóðs, sem var 100 millj. kr. hækkuð í 150 millj. króna, og veitt ný lántökuheimild vegna hagræðingarlána allt að 100 millj. króna. Aukið ríkissjóðsframlag skapar m. a. aðstöðu til þess að veita hagkvæmari lán en ella og taka á sjóðinn nokkra byrði, sem kynni að leiða af lægri vöxtum og lengri lánnum til útlána en lánsfé sjóðsins væri við bundið.

Með framangreindum breytingum á lögum um Iðnlánasjóð er stefnt að því að stórefla aðstöðu hans til styrktar iðnþróun í landinu, en það er framhald á þeirri eflingu Iðnlánasjóðs sem átt hefur sér stað hin síðari ár.

Verður nú gerð nokkur grein fyrir sögu og eflingu sjóðsins.

Iðnlánasjóður var stofnaður með lögum nr. 12 9. janúar 1935. Markmið hans var að bæta úr brýnustu lánsfjárþörf iðnaðarins. Framlag ríkissjóðs til sjóðsins skyldi vera kr. 25000.00 á ári næstu 10 árin. Yfirstjórn Iðnlánasjóðs var í höndum atvinnuáráðherra, en Útvegsbanka Íslands var falin stjórn hans og meðferð. Lán skyldu veitt samkvæmt tillögum frá stjórn Landssambands iðnaðarmanna eftir nánar tilteknum reglum. Lánstími mátti vera allt að tólf árum, hámark lánsupphæðar kr. 5000.00 og vextir $\frac{1}{2}\%$ hærri en lægstu ríkislánsvextir, sem fánlegir voru fyrir lántökuárið.

Með lögum nr. 40 27. júní 1941 er gerð breyting á lögum um Iðnlánasjóð frá 1935. Ríkissjóðsframlagið er hækkað í kr. 65000.00 á ári og sjóðnum er enn fremur heimilað að gefa út handhafavaxtabréf, sem nema allt að tvöföldum höfuðstóli hans. Ráðherra skipar þriggja manna nefnd, og eru allar lánsúmsóknir háðar umsögn hennar. Landssamband iðnaðarmanna tilnefnir einn mann í nefndina og Félag ísl. iðnrekenda annan. Þriðja manninginn skipar ráðherra án tilnefningar. Hámark lánsupphæðar er $\frac{1}{5}$ hluti nettótekna sjóðsins árið áður.

Næsta breyting er gerð með lögum nr. 55 7. maí 1946. Með þeirri breytingu hækkar framlag ríkissjóðs í kr. 300 000.00 á ári. Gefa má út handhafavaxtabréf, sem nemi allt að þreföldum höfuðstóli sjóðsins á hverjum tíma, en útgáfa þeirra er þó háð samþykki ráðherra. Hámark lánsupphæðar má ekki vera hærri en sem nemur $\frac{1}{5}$ hluta þess fjármagns sem sjóðurinn getur haft til útlána á árinu, þegar lántökuheimild hans er meðtalin. Lánstími er lengdur í allt að 15 ár, og skal atvinnuáráðherra ákveða vaxtafót lánanna.

Þessar tvær breytingar voru síðan felldar inn í hin upphaflegu lög sjóðsins, og þau gefin út sem lög nr. 67 17. júlí 1946.

Með lögum um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands hf. nr. 113 29. des. 1951 er bankanum falin starfræksla Iðnlánasjóðs.

Árið 1962 fól þáverandi iðnaðarmálaráðherra fjögurra manna nefnd að endurskoða iðnlánasjóðslögin. Nefndin lauk störfum fyrir áramót, og var frumvarp til laga fyrir Iðnlánasjóð lagt fyrir Alþingi 1963 sem stjórnarfrumvarp og samþykkt án breytinga. Eru það lög um Iðnlánasjóð nr. 45 3. apríl 1963.

Með þessum lögum eru mörkuð þáttaskil í starfsemi Iðnlánasjóðs, starfsvið sjóðsins aukið og honum séð fyrir nýjum tekjustofni. Í lögnum er Iðnlánasjóður gerður að sjálfstæðri stofnun undir yfirumsjón iðnaðarmálaráðherra. Ráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn. Einn nefndarmanna skipar ráðherra eftir tilnefningu stjórnar Landssambands iðnaðarmanna og annan eftir tilnefningu stjórnar Félags ísl. iðnrekenda og þriðja án tilnefningar. Einn hinna þriggja stjórnarmanna skipar ráðherra formann sjóðsstjórnar. Iðnaðarbanki Íslands hf. hefur á hendi daglegan rekstur Iðnlánasjóðs. Sjóðnum er séð fyrir nýjum tekjustofni, iðnlánasjóðsgjaldinu, 0.4% gjaldi, sem innheimtist af iðnaðinum í landinu og lagt er á sama stofn og aðstöðugjald er lagt á samkvæmt lögum nr. 69 28.

apríl 1962 um tekjustofna sveitarfélaga. Sett eru fyllri ákvæði um lántökuheimild Iðnlánasjóðs, sem má vera allt að 100 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Þá er starfssvið sjóðsins aukið og honum heimilað að lána til byggingar verksmiðju og iðnaðarhúsa og endurskipulagningar iðnfyrirtækja auk véla-kaupa. Upphæð lána er ákveðin allt að 60% kostnaðarverðs og lánstími eigi lengri en 15 ár og 7 ár til vélakaupa. Ýmis fleiri nýmæli eru í lögnum.

Næstu lög, sem snerta Iðnlánasjóð, eru lög in um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán nr. 36 15. maí 1964, sbr. lög um breytingu á þeim lögum, nr. 24 8. maí 1965.

Ítarleg reglugerð var gefin út af iðnaðarmálaráðherra 10. maí 1965 um vaxta-
bréfalán Iðnlánasjóðs samkvæmt lögum þessum, og er nú unnið að framgangi þessa máls eins og kveðið er á um í reglugerðinni.

Framlög ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs hafa verið sem hér segir:

1935—1937	25 þús. kr. á ári
1938—1939	23 — — —
1940—1941	25 — — —
1942—1946	65 — — —
1947—1954	300 — — —
1955—1956	450 — — —
1957—1958	1 450 — — —
1959	1 378 — — —
1960—1965	2 000 — — —

Samtals kr. 20 074 þús.

Innborgað iðnlánasjóðsgjald í sjóðinn hefur verið sem hér segir:

1963	4 200 þús. kr.
1964	12 919 — —
1965	15 900 — —

Samtals kr. 33 019 þús. kr.

Þá hefur sjóðnum að forgöngu ríkisstjórnarinnar verið útvegaðar frá árinu 1961 50.5 millj. kr. af PL 480 fé og 16 millj. kr. úr bankakerfinu eða samtals 66.5 millj. kr. Útlán Iðnlánasjóðs frá 1936 hafa verið sem hér segir (í þús. kr.):

	Samtals	Meðaltal á ári
1936—1940	136.4	25.3
1941—1945	258.4	51.7
1946—1950	2 161.4	432.3
1951—1955	4 898.4	979.7
1956—1959	11 047.0	2 209.4
1960		4 420.0
1961		9 719.0
1962		13 931.0
1963		38 847.0
1964		50 610.5
1965		58 378.3

Hér við kemur til athugunar, að Framkvæmdabanki Íslands hefur hin síðari ár stóraukið lánveitingar sínar til iðnaðarins. Lánveitingar til iðnaðar hafa verið sem hér segir á fimm ára tímabili:

1962	24.1 millj. kr.
1963	42.9 — —
1964	31.2 — —
1965	29.9 — —
1966	24.0 — — (lánsloforð)

Alls er þetta 152.1 millj. kr. en heildarlán bankans til iðnaðar frá byrjun eru 207.8 millj. kr. Fram til ársloka 1961 og frá upphafi 1953, hafði bankinn lánað samtals til iðnaðar tæpar 80 millj. kr.

Verður þetta sjónarmið haft í huga þegar nú er ráðgert að leggja Framkvæmdabankann niður og Framkvæmdasjóður Íslands taki við eignum hans og skuldbindingum, en sá sjóður veiti lánsfé til fjárfestingarsjóða atvinnuveganna og þar á meðal Iðnlánasjóðs. Árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins mundi þá enn aukast til verulegra muna.

Í árslok 1965 voru eignir og skuldir Iðnlánasjóðs, sem hér segir:

Eignir :

Vélalán	kr. 86 020 258.50
Byggingalán	— 53 582 571.58
Verðbréf	— 98 570.00
Vélar	— 9 418.03
Innstæða í sparisjóði	— 772 213.50
		<hr/>
		Kr. 140 483 031.61

Skuldir :

Stofnsjóður	kr. 72 041 461.37
Framkvæmdabanki Íslands	— 50 461 676.00
Verzlunarbanks Íslands hf.	— 2 391 000.00
Búnaðarbanki Íslands	— 7 609 000.00
Iðnaðarbanki Íslands hf.	— 6 000 000.00
Yfirdráttur á hlr. 111 v/Iðnaðarbanka Íslands hf.	— 1 979 894.24
		<hr/>
		Kr. 140 483 031.61

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt þessari grein er árlegt framlag ríkissjóðs, sem er einn af tekju-liðum sjóðsins, hækkað úr 2 millj. kr. í 10 milljónir kr. — Aðrir tekju-liðir eru vextir og iðnlánasjóðsgjaldið, 0.4%, sem á sl. ári reyndist 15.9 milljónir króna. Með þessu styrkist að sjálfsögðu mjög hagur sjóðsins og stuðlað er að örum vexti hans.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein er hin almenna lánsheimild sjóðsins aukin úr 100 millj. kr. í 150 millj. kr. En frá því, að þessi heimild var lögfest, með l. nr. 45 1963, hefur sjóðurinn tekið lán fyrir atbeina ríkisstjórnarinnar, sem nema samtals 66.5 millj. kr., svo að ekki er eftir ónotuð lánsheimild nema sem svarar 33.5 millj. kr.

Jafnframt er svo veitt ný lánsheimild í sambandi við hinn nýja fyrirhugaða flokk hagráðingarlána, sem nemur 100 millj. króna. Þau eru hugsuð sem viðbótar-

lán við hin almennu lán sjóðsins, með lægri vöxtum og til lengri tíma, til þess að auðvelda iðnfyrirtækjum að mæta frjálsum innflutningi og minnkaðri tollvernd og styrkja aðlögun að nýrri tækni og aukinni framleiðni.

Um 3. og 4. gr.

Þurfa ekki skýringar við.